

26

1. febr.

89. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og þau öðlast gildi. Menn, sem þá eru orðnir fullra 60 ára, eru þó undanþegnir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Lífeyrisgreiðslur hefjast þegar hinir tryggðu hafa með iðgjaldagreiðslum sínum eignazt rétt til 12½% af fullum lífeyri.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1936. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 65 7. maí 1928, um samstjórn tryggingarstofnana landsins.

Lög nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar.

Lög nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög.

Lög nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Lög nr. 68 19. júní 1933, um breyting á síðastnefndum lögum.

Öll önnur ákvæði laga, sem í bága fara við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

27

1. febr.

L Ö G

um iðnaðarnám.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera við þá skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara, og enn fremur skal iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á

staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga. — Ef í iðn- 27
ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar samiðnaðarmanna, annar fyrir meistara og hinn 1. febr.
fyrir sveina, skulu þeir báðir undirrita samninginn.

Námssamningur er því aðeins gildur, að þessir aðilar báðir hafi samþykkt hann með undirskrift sinni. Sé ekkert iðnråd til á staðnum, nægir þó undirskrift lögreglustjóra.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Engir aðrir mega taka nemendur til iðnkennslu en þeir, sem meistararéttindi hafa í þeirri iðn. Þó mega iðn- og iðjufyrirtæki taka nemendur til kennslu, enda þótt forstöðumaður þeirra eða eigandi hafi ekki meistararéttindi í iðninni, en þá skal fyrirtækið hafa í þjónustu sinni mann eða menn, sem hafa þessi réttindi, og skal þá tekið fram í námssamningi, hver það sé, og þær breytingar, sem á kunna að verða gerðar, meðan á námstímanum stendur, færðar inn á samninginn, með áritun sömu aðila og um getur í 1. gr. — Þeim, sem tvisvar hefir rofið námssamning að ófyrirsynju, er óheimilt að taka iðnnema til kennslu.

3. gr.

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skal vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, sem þó leiti um-sagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn Landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í námssamningi, hvort sá eða sú, sem iðnnema tekur til kennslu, skuli láta honum í té húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað eða kaup, meðan á námstíma stendur, svo og hvernig kaupgreiðsla skuli fara fram, sé hún ákveðin.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða. Þegar í stað að þeim tíma liðnum hafa bæði lærimeistari og nemandi rétt til að heimta, að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkrar ástæður. Þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum frá hinum.

6. gr.

Nú tekur maður iðnnema, sem áður hefir stundað nám í sömu iðn hjá öðrum, en námssamningi verið slitið, án þess að nemandi hafi átt sök á, og skal þá sá

27 tími, er hann var við nám hjá hinum fyrri, dragast frá fullum námstíma hjá 1. febr. hinum síðari.

7. gr.

Nemandi skal sýna ástundunarsemi og trúmennsku við námið og fylgja kennara sínum til starfa, eftir því sem vinnubrek hans og kunnátta leyfir (sbr. 8. og 9. gr.).

8. gr.

Starfstími iðnnema má ekki fara fram úr 60 klst. á viku, að meðtöldum kaffihléum $\frac{1}{2}$ klst. tvisvar á dag, eða tilsvareandi stytting á daglegum vinnutíma annars. Starfstíminn fari þó ekki niður úr 1800 stundum á ári, nema lögmæt forföll, svo sem veikindi, hamli.

Þann tíma, sem nemandinn stundar bóklegt nám, samkv. 10. gr., eða minnst 5 og mest 7 mánuði ársins, skal þó þetta hámark, að meðtöldu $\frac{1}{2}$ klst. kaffihléi einu sinni á dag, vera 42 klst., enda er þá sá tími, er fer til bóklega námsins, ekki talinn þar með. Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um lágmark bóklegs náms fyrir iðnnema.

Sé vinnutími sveina í viðkomandi iðn bundinn venjum eða fastmælum, skal vinnutími nemandans vera sá sami og sveinanna þann tíma árs, sem hann stundar ekki bóklegt nám, en þó aldrei hærri en hámark það, sem greinin gerir ráð fyrir að öðru leyti.

Ákveða má í námssamningi annan starfstíma nemandans en hér segir, en þó aðeins innan þeirra takmarka, sem þessi grein setur að öðru leyti.

Ekki má taka nemanda til iðnkennslu yngri en 16 ára.

9. gr.

Á sunnudögum og öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar er iðnnemum ekki skylt að takast á hendur neina vinnu, og ekki heldur frá kl. 6 að kvöldi til kl. 6 að morgni, aðra en kennslustundir.

Sumarleyfi skal ákveðið í námssamningi, og skal það vera að minnsta kosti 12 virkir dagar, með fullu kaupi.

10. gr.

Lærimeistari má ekki fá nemanda neina vinnu, sem honum er um megn, eða skaðlegt getur talizt fyrir heilsu hans. Hann skal vaka yfir siðferði hans og hegðun. Hann skal kenna honum iðnina svo vel sem unnt er, sjá um, að nemandinn að afloknu námi hafi náð leikni í að nota öll verkfæri, sem að iðninni lúta, og að hann kunni öll verk, sem fyrir geta komið í iðninni, svo vel, að hann geti talizt fullkominn sveinn. Þá er lærimeistari skyldur að láta nemandann ganga í iðnskóla, sé slíkur skóli til á staðnum, en ella sjá honum fyrir kennslu í öllum þeim greinum, sem iðninni eru nauðsynlegar, og skulu nánari ákvæði um það, svo sem um allt bóklegt nám iðnnema, sett í reglugerð þeirri, er um getur í 8. gr. Allan kostnað af slíkri kennslu skal lærimeistari greiða, þar með talinn pappír, bækur og teikniáhöld, og annað það, sem námið óhjákvæmilega útheimtir. Geti lærimeistari ekki uppfyllt þessi skilyrði, er honum óheimilt að taka nemendur.

11. gr.

27

1. febr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandinn læri iðn sína svo fljótt og vel sem unnt er. Þegar kennslutíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíði, eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. — Ef lærisveini hefir verið kennd iðnteikning, skal hann fyrst gera teikningu af prófsmíðinni.

Prófdómendur ákveða, í samráði við lærimeistara, hver prófsmíðin skuli vera. Nú taka prófdómendur teikninguna eigi gilda, og getur nemandi þá eigi fengið að leysa af hendi prófsmíði. Sá, sem fellur á slíku prófi, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrr en að $\frac{1}{2}$ ári liðnu. Standist nemandi prófið, á hann heimtingu á prófskírteini, er sé undirritað af lærimeistara hans og prófdómendum, að því er tekur til hins verklega prófs, og skólastjóra iðnskólans á staðnum, að því er tekur til hins bóklega prófs, og enn fremur af lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Standist nemandi eigi prófið fyrir þá sök, að lærimeistari hafi ekki látið sér nægilega annnt um kennsluna, á nemandinn kröfu til skaðabóta, sem fari eftir áliti gerðardóms.

Þrír samiðnaðarmenn skulu vera prófdómendur, tilnefndir af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem prófið er tekið. Þeir skulu, auk þess að dæma prófsmíð nemandans, einnig prófa hann munnlega í þeim atriðum, sem þeim þykir ástæða til, iðninni viðkomandi.

Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, enda getur enginn nemandi fengið sveinsbréf, nema hann hafi staðizt lágmarkspróf það í bóklegum fræðum, er sú reglugerð ákveður.

Skal hann ljúka því prófi í iðnskóla, sé hann til á staðnum, en ella hjá prófdómendum við hið verklega próf, enda gildir þá sveinsbréf hans aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, er prófið fór fram í, og skal það tekið fram í athugasemd, er viðkomandi lögreglustjóri ritar á sveinsbréf hans.

Heimilt skal sveini með slíkt sveinsbréf að þreyta próf við hvaða iðnskóla sem er á landinu, og skal hann þá fá venjulegt sveinsbréf, ef hann stenzr það próf.

12. gr.

Nú sýkist iðnnemi, eða verður fyrir slysi, og er þá lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir hjúkrun og læknishjálp á sinn kostnað, þangað til námsstímanum er lokið samkvæmt samningnum, eða honum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, og gildir þetta jafnt, hvort sem nemandi býr hjá lærimeistara sínum eða ekki. Sé sjúkdómurinn eða slysið talið ólæknandi eða að heilsutjónið muni vera mjög langvinnt, hvorttveggja að áliti læknis, og ef meistari á þar enga sök á, ber meistarann þó ekki að inna af hendi þessar greiðslur lengur en í 6 mánuði frá þeim tíma, er nemandinn varð frá verki, og getur sagt upp námsamningi frá þeim tíma, enda séu þessir 6 mánuðir hámark þess tíma, samtals yfir allan námstímann, sem meistarar eru skyldir til að sjá nemendum fyrir þeim hlunnindum, er hér um getur í þessari grein. Auk læknishjálpar og hjúkr-

- 27 unar skal meistari greiða annan nauðsynlegan framfærslukostnað nemandans meðan hann er sjúkur og námssamningur er í gildi. Ef öðrumhvorum, nemanda eða meistara, er beinlínis um að kenna sjúkdóminn eða slysið, fer um greiðslu læknishjálpar, hjúkrunar og skaðabóta eftir lögum nr. 22 7. maí 1928 (Hjúalög).
1. febr.

13. gr.

Meistari getur slitið námssamningi:

1. Fyrir sjúkleika sakir nemanda, samkvæmt 12. gr.
2. Ef nemandi gerir sig sekan um brot á skyldum þeim, sem á honum hvíla samkvæmt námssamningi, eða vanrækir nám sitt, svo að til tjóns er fyrir hann sjálfan og lærimeistara hans, að dómi þess manns eða manna, sem sérstaklega hafa nemandann til eftirlits og kennslu.

14. gr.

Nemandi, foreldrar hans, fjárráðamaður eða iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum, er um getur í 1. gr. þessara laga, getur slitið námssamningi:

1. Ef lærimeistari misþýrmir nemanda eða kemur á annan hátt ósæmilega fram gagnvart honum.
2. Ef lærimeistari gerir sig sekan um brot á skyldum þeim, er á honum hvíla samkvæmt námssamningi.
3. Ef lærimeistari skiptir um bústað eða vinnustað, þannig að breytingin hafi í för með sér, að nemandinn þurfi að fara óhæfilega langan veg til vinnu.
4. Ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón annars manns í hans stað, er fullnuma sé í iðninni.
5. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, sem um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það, að álitni læknis, er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema iðnina.
6. Ef námsstúlka giftist.

15. gr.

Námssamningur verður ógildur, ef lærimeistari deyr og atvinnureksturinn af þeim orsökum fellur niður.

16. gr.

Nú hættir meistari að reka iðn sína vegna þess að hann verður gjaldþrota eða af öðrum ástæðum, og getur nemandi þá krafizt skaðabóta, er fari eftir álitni gerðardóms.

Sömuleiðis getur nemandi krafizt skaðabóta, ef hann verður að segja upp námssamningi af ástæðum þeim, sem greindar eru í 1.—4. tölul. 14. gr. Skaðabótagreiðslur samkvæmt þessari grein skulu vera forgangskröfur í bú viðkomandi meistara, og fer um þær eftir 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulauna-kröfur væru, þær, er þar koma til greina.

17. gr.

27

Auk þess, sem segir í 13. og 14. gr., er báðum aðilum heimilt að slíta náms- 1. febr. samningi, ef þeir koma sér saman um það.

18. gr.

Fyrr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

19. gr.

Nú verður ágreiningur milli nemanda og lærimeistara um þau atriði, er um ræðir í 11. gr., 13. gr. 2. lið, 14. gr. 1., 2., 3. og 5. lið og 16. gr. laga þessara, og skulu þau mál koma í gerð, nema málsaðilar komi sér saman um annað. Í gerðardómi skulu sitja lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem ágreiningurinn rís, og er hann oddviti, og 2 menn aðrir, og tilnefna málsaðilar sinn hvor.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund, ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Báðir málsaðilar eru bundnir við þann úrskurð.

Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftari en þrisvar sinnum, og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi einhver gerðarmanna tjáð honum lögleg forföll, eða oddvita þykir nauðsyn til bera, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annarhvor gerðarmanna ekki fund og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gerðardómi má slíta námssamningi og dæma þeim skaðabætur, er tjónið beið.

20. gr.

Lærimeistari, sem brýtur ákvæði 1., 2., 8., 9., 10. og 18. gr. þessara laga, skal sæta sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektarféð rennur í ríkissjóð.

21. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 1., 2. og 18. gr. laga þessara eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snertifir námið, eru einkalög-reglumál.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um iðnaðarnám, nr. 11 31. maí 1927, þegar lokið er öllum námssamningum, sem gerðir hafa verið eftir þeim.

23. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazzt gildi.

27

1. febr.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

28

1. febr.

L Ö G

um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma annanhvörn næstu tveggja vetra eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað að minnsta kosti eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða samskonar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pílta.

Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið